

Botox í þvagblöðru

Botox er gefið í þvagblöðru vegna ofvirkrar þvagblöðru og bráðþvagleka. Meðferð fer fram á göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut.

Undirbúningur

Ef þörf er á deyfingu er þvagleggur settur inn í þvagrás og deyfingu sprautað í þvagblöðru 30 mínútum fyrir meðferð.

Meðferð

Þvagrásaropið er þvegið og deyft með kremi. Farið er með speglunartæki inn í þvagrásina og upp í þvagblöðru. Botox er sprautað í blöðruvegginn í gegnum speglunartækið. Sviði getur fylgt fyrstu þvaglátum eftir meðferðina og þvag getur verið blóðlitað fyrstu dagana á eftir.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir meðferðina.

Hafa þarf samband við göngudeild þvagfæra 11A eða bráðamóttöku Landspítala ef vart verður við þvagtrengu eftir meðferðina.

Símanúmer

Göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut er opin virka daga kl. 8-16, sími 543 7100. Utan þess tíma er leitað bráðamóttöku Landspítala í Fossvogi.

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis. Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga. Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.